

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi tjaldsvæðisreits við Þórunnarstræti.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 25. febrúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir tjaldsvæðisreit við Þórunnarstræti á lóð Þingvallastrætis 23, á grundvelli e-liðar 4. gr. í samþykkt um skipulagsnefnd.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur fyrir vesturálmú stækkar til suðurs og nýtingarhlutfall hækkar lítillega.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. febrúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu í Giljahverfi fyrir lóðir Giljaskóla og Borgargils 1.

Breytingin felur í sér að 274,9 m² eru teknir af lóð Giljaskóla sem leggjast við lóð Borgargils 1. Lóð Giljaskóla verður 25.910,7 m² eftir breytingu og lóð Borgargils 1 verður 2.995,8 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. mars 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.